

Bókafundur Betadeildar haldinn 11. janúar 2016 á heimili Ernu Gunnarsdóttur, Steinahlíð 6b

Mættar voru 20 konur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og bauð konur velkomnar. Hún þakkaði Ernu fyrir að veita fundinum húsaskjól. Erna kveikti síðan á kertunum. Þá flutti Björk kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Eygló flutti orð til umhugsunar og fjallaði hún um vináttuna. Hún ræddi mikilvægi hennar. Gott og nauðsynlegt að eiga vini en við megum ekki gleyma að rækta vináttuna. Einnig ræddi hún um mikilvægi jákvæðninnar. Sagði að það hefði sannað sig að þeir sem eru jákvæðir verða síður veikir og eru jafnvel langlífari. Eygló nefndi að það gæti orðið að venju að vera jákvæður og það væri gott að setja sér það markmið á nýju ári.

Þá gaf Björk formaður undirbúningshópnum orðið, en í honum voru Erna Gunnarsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Fríða Pétursdóttir, Hugrún Sigmundsdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir. Hugrún tók að sér fundarstjórn.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. las upp fundargerðir síðustu tveggja funda og voru þær samþykktar.

4. Erindi frá stjórn

Björk formaður afhenti Rósu Kristínu sem varð sjötug sl. ár og Þorgerði sem varð sextug sl. ár gjafakörfur frá Unicef ásamt rósum.

Jónína mælti með að stofnaður yrði Betahópur á facebook, sagði að stjórnin hefði stofnað þannig hóp og hefði það gefist vel. Það var samþykkt með því skilyrði að fundarboð kæmu áfram í tölvupósti því ekki eru allar konur á facebook.

Margrét Kristín gjaldkeri minnti á alla spilastokkana og sagði að gott væri ef við gætum keypt sem flesta á árinu.

5. Bókaumræður

Hófst þá bókafundurinn, Fríða stjórnaði umræðunum og Jóhanna var tímavörður. Hver kona fékk þrjár mínútur til umræða til að segja frá einni bók sem hún hafði lesið nýlega. Þetta gekk mjög vel og þegar hringurinn var hálfnaður var tekið kaffihlé og

stóð kaffinefndin sannarlega fyrir sínu. Síðan var umræðum haldið áfram og voru konur ánægðar hve vel gekk að stjórna þessu.

Leshringurinn verður haldinn 17. mars og var ákveðið að lesa bækurnar *Stóri skjálfti* eftir Auði Jónsdóttur og *Ljós af hafi* eftir M. L. Stedman í íslenskri þýðingu Guðna Kolbeinssonar.

Happdrættisvinninginn fékk Sigríður Magnúsdóttir.

Pyngjan góða var látin ganga.

Formaður þakkaði undirbúningsnefnd og kaffinefnd fyrir góðan fund og Ernu aftur fyrir húsnæðið og færði henni rós. Slökkti á kertunum og sleit fundi kl. 22:10.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.